**Ef tekið er eftir því að verið sé að skrá viðtal á rangan nemanda er hægt að smella á ‚Hætta við‘ ÁÐUR en viðtalinu er lokað.**

**Ef búið var að loka viðtalinu** er hægt að **eyða** eða **breyta** skráningu á viðtali á eftirfarandi hátt:

Í viðtals glugganum er smellt á **‚Yfirlit‘**




Í yfirlitsglugganum er smellt á **‚Breyta/eyða‘** hnappinn.




| Lífsstílsmat | Niðurstaða | Bekkur | Dagsetning |
|---|---|---|---|
| Hvernig líður þér í skólanum? | 10 | 1. bekkur | 13.02.2011 |
| Áttu góðan vin/vini í skólanum? | Já | 1. bekkur | 13.02.2011 |
| Hvernig komst þú í skólann í morgun? | Gangandi eða hjólandi | 1. bekkur | 13.02.2011 |
| Æfir þú einhverjar íþróttir? | Já | 1. bekkur | 13.02.2011 |
| Borðaðir þú morgunmat í morgun? | Já | 1. bekkur | 13.02.2011 |
| Tókst þú lýsi/D-vítamín í morgun? | Nei | 1. bekkur | 13.02.2011 |
| Hvað ertu með í nesti? | Ávexti / grænmeti | 1. bekkur | 13.02.2011 |
| Hver burstaði tennurnar þínar í morgun? | Fullorðinn | 1. bekkur | 13.02.2011 |
| Hver burstaði tennurnar þínar áður en þú fórst að sofa í gær? | Fullorðinn | 1. bekkur | 13.02.2011 |
| Þværðu þér um hendurnar þegar þú ert búin á klósettinu? | Alltaf | 1. bekkur | 13.02.2011 |
| Hvenær áttu að fara að sofa á kvöldin þegar það er skóli daginn eftir? | Fyrir kl. 21:00 | 1. bekkur | 13.02.2011 |
| Líður þér illa nálægt einhverjum? | Nei | 1. bekkur | 13.02.2011 |
| Hvernig líður þér í skólanum? | 10 | 4. bekkur | 13.02.2014 |
| Hvernig komst þú í skólann í morgun? | Gangandi eða hjólandi | 4. bekkur | 13.02.2014 |
| Hvað gerir þú oftast eftir skóla? | Íþróttir/tómstundir | 4. bekkur | 13.02.2014 |
| Æfir þú einhverjar íþróttir? | Já | 4. bekkur | 13.02.2014 |




Lítill gluggi birtist - Velja eina spurningu á dagsetningu þess viðtals sem á að eyða eða þá spurningu sem breyta á svarmöguleika við í yfirlitsglugganum að ofan og smella á **‚Ýta svo hér‘.** Þá færist viðkomandi skráning í gluggana neðst.

**Eyða viðtali:**

Smellt er á **‚Eyða viðtali‘** ef eyða á öllu viðtalinu á þessari dagsetningu sem valið var. Smellt á ‚yes‘ í viðvörunarglugganum sem birtist.

**Breyta svari í spurningu:**

Velja þá spurningu sem á að breyta. **Valið er í örvahnöppunum við ‚Niðurstöðu' rétta svarið** en ef breyta á dagsetningu er skrifað ofan í hana. Að lokum er smellt á **'Breyta'**




**Ath.** Þú getur einungis breytt/eytt viðtali sem þú hefur sjálf/ur skráð. Ef annar notandi hefur skráð ranga skráningu þarf að hafa samband á iskra@heilsugaeslan.is eða í gegnum beiðnakerfið.